

Breytingar á legu Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells í Skagafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 30. september 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um breytingu á legu Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis – og orkustofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á Blöndulínu 3 - Breytingar í landi Starrastaða og Mælifells. Fyrirspurn um matsskyldu. Landsnet. September 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skagafirði þann 13. október 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 21. október 2025,
- Minjastofnun Íslands þann 5. nóvember 2025,
- Náttúrufræðistofnun þann 1. nóvember 2025,
- Náttúruverndarstofnun þann 29. október 2025,
- Umhverfis – og orkustofnun þann 27. október 2025
- Veðurstofu Íslands þann 31. október 2025.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 4. og 7. nóvember 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Fjallað er ítarlega um forsögu Blöndulínu 3 og umhverfismat hennar sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar desember 2022. Viðræður við landeigendur á línuleiðinni hófust fyrir nokkru, m.a. um möguleika á endanlegri útfærslu línuleiðar. Í þeim viðræðum hafa komið fram ábendingar um færslu línuleiðar á nokkrum stöðum sem fjallað var um í tilkynningu um breytingu í nóvember 2023 og aftur í þessari breytingu. Fjallað var sérstaklega um breytta legu í Hörgársveit og Akureyrarbæ í greinargerð sem fylgdi umhverfismati Blöndulínu 3. Þegar unnið var að álitsgerð umhverfismats höfðu viðræður um landbætur við landeigendur ekki hafist og því er þessi breyting sem hér er fjallað um tekin fyrir á þennan hátt, þ.e. tilkynnt inn sem breyting á framkvæmd sem lokið hefur umhverfismati.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í breytingum á línuleið Blöndulínu 3 á um 5.3 km kafla skammt suðvestan við fyrirhuguð tengivirki austan við Mælifellsá í landi Reykjásels og liggur þaðan til



austurs og norðausturs um land Mælifells og Starrastaða. Mesta færsla á línuleiðinni miðað við það sem gert var ráð fyrir í umhverfismati er um 2.1 km. Þessi færsla felur í sér að línuleiðin styttest um u.þ.b. 690 m, möstrum fækkar um eitt og hlykkur sem var á línuleið á þessum kafla í umhverfismati minnkar töluvert. Um óverulega breytingu verður að ræða í lengd slóða en ekki verður lögð samfelld slóð meðfram breyttri línuleið heldur verður hún rofin neðst við Nóngil til þess að minnka umfang og ásýnd af slóðum upp klettana ofan við Starrastaði.



Mynd 1. Ný línuleið (rauð) í samanburði við þá leið sem var til umfjöllunar annars vegar í umhverfismati árið 2022 og hins vegar í matsskylduákvörðun árið 2023. (Úr umhverfismatsskýrslu).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila er bent á að eins og fram komi í umhverfismati Blöndulínu 3 þá fari línuleiðin í Skagafirði á þessum kafla meðal annars yfir Mælifellsá. Mælifellsá telst hafa lítið til miðlungs mikilvægi og viðkvæmni. Áhrif línulagnar á ána voru talin óveruleg þar sem leiðarar liggja yfir ánni og ekki er þörf á að raska ánni við uppbyggingu línunnar.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að sá hluti línunnar sem breytingin nái til þveri straumvatnshlotið Mælifellsá (nr. 101-1594-R). Stofnunin bendir á að þar sem mögulegt er að vatnshlotið verði fyrir áhrifum á framkvæmdatíma sé mikilvægt að áhrif á vatnshlotið verði metin og að það sé gert í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.



Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í greinargerð fyrir breytingunni er vísað í umhverfismat sem unnið var árið 2022 en í því mati var ekki gerð grein fyrir áhrifum á gæðabætti straumvatnshlotanna í samræmi við lög um stjórn vatnamála og bendir stofnunin á vinna þarf áhrifamat fyrir öll þau vatnshlot sem kunna að verða fyrir áhrifum við byggingu Blöndulínu 3, ekki bara þess hluta línunnar sem umrædd breyting nær til þá leggur stofnunin áherslu á mikilvægi þess að vel sé hugað að mengunarvörnum við lagningu línunnar til að draga úr líkum á mengun í grunn- eða yfirborðsvatns.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið vinni að gerð áhrifamats vatnshlota fyrir Blöndulínu 3, þar með talið fyrir áformaða breytingu línuleiðarinnar, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar og mun matið fylgja umsóknum um framkvæmdaleyfi.

Vistgerðir og flóra

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að niðurstaða umhverfismats Blöndulínu 3 hafi verið sú að á línuleiðinni á þessu svæði sé farið að langmestu leyti um vel gróið land á láglendi, um mólendi og eyrar, en einnig er nokkuð um votlendi. Verndargildi vistgerða á þessari leið var metið lítið til miðlungs og voru áhrif talin nokkuð neikvæð á vistgerðir og flóru. Þær breytingar sem hér eru lagðar til hafa ekki áhrif á þá niðurstöðu, en þó má benda á að votlendi er minna á þeirri línuleið sem hér er kynnt.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að framkvæmdir á votlendissvæðum verði vandasamari því hærra yfir sjávarmáli sem framkvæmdin er. Frágangur og uppgræðsla með staðargróðri er vandasöm og er besta ráðið að raska gróðri sem minnst og helst að forðast alfarið að ráðast í mannvirkjagerð á slíkum svæðum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að sú breyting sem hér sé til umfjöllunar liggi hærra í landinu en línuleið í umhverfismati frá um 300 m h.y.s við Selflóa og allt að 500 m þar sem hún fer hæst og því ekki um að ræða láglendi að langmestu leyti. Þá er bent á að á vistlendakorti undir breyttri línuleið í landi Starrastaða og Mælifells er ekki um neinar eyrar að ræða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet geri sér vel grein fyrir þeim áskorunum sem felast í því að bæta fyrir gróðurskemmdir og þá sérstaklega á hálendum svæðum. Einnig bendir Landsnet á að við mat á grunnástandi vistgerða og flóru, eru hæð yfir sjávarmáli, rakastig og samsetning gróðurs m.a. mælikvarðar sem horft er til við mat á viðkvæmni gróðurs. Landsnet sé meðvitað um verndargildi votlendisvistgerða og eru lagðar fram mótvægisáðgerðir til þess að draga úr eða bæta fyrir þau áhrif sem verða vegna mögulegra áhrifa en þær felast m.a. í endurheimt, takmörkun á umfangi framkvæmdaþátta, varðveislu svarðlags ofl.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að niðurstaða umhverfismats Blöndulínu 3 hafi verið sú að á línuleiðinni fari línun ekki um svæði sem séu óvenjurík af mófuglum. Áflugshætta á fyrirhuguðum breytingarkafli er svipuð og var á viðkomandi kafla fyrir breytingar og voru áhrifin talin nokkuð neikvæð á fuglalíf og þær breytingar sem hér eru lagðar til hafa ekki áhrif á þá niðurstöðu.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði í lágmarki á varptíma og Náttúrufræðistofnun bendir á að með auknu umfangi flutningskerfisins þurfi að koma til markviss vöktun á áflugi til að greina betur við hvaða aðstæður mest hætta sé á áflugi og meta hvernig hægt sé að grípa til aðgerða til að draga úr líkum á því.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið telji ekki raunhæft að lofa því að framkvæmdir verði utan varptíma en hins vegar megja ætla að á þessum kafla verði unnið að framkvæmdum seinni hluta sumars og fram að hausti, þegar jörð er þurrari og að því leyti skarist síður á við helsta tímabil hreiðurgerðar og útungunar. Landsnet hefur í undirbúningi nýlegra loftlína lagt á það áherslu að fá upplýsingar um helstu áhættusvæði nýrra línuleiða m.t.t. áflugs fuglategunda sem þar eru og



mótvægisáðgerðir í kjölfarið miða að þeim svæðum. Það á m.a. við um fyrirhugaða loftlínu milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheiðar, þar sem fyrirhugað er að setja „fuglafælumerki“ á helstu áhættusvæði m.t.t. áflugs.

Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að breytt lega muni færast nær tveimur vörðum með nokkurt verndargildi. Í fornleifaskýrslu er sem mótvægisáðgerð lagt til að merkja vörðurnar samfara framkvæmdum. Ný línuleið er fjær allmörgum öðrum fornleifum miðað við þá leið sem ráðgerð var í umhverfismatinu.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að umfjöllun í greinargerð Landsnets sé ekki fullnægjandi þar sem breytingin, þ.e. hin 5,3 km langa færsla, er enn óskráð. Það er því ekki hægt að leggja raunhæft mat á áhrif framkvæmdanna á minjar á þeirri leið. Ljúka þarf fornleifaskráningu á þessum kafla, sbr. lög um menningarminjar. Þegar skráning liggur fyrir þarf málið að koma inn á ný til skoðunar Minjastofnunar þar sem leggja þarf mat á hugsanleg áhrif framkvæmdanna á minjar og leggja til viðeigandi mótvægisáðgerðir, ef þörf krefur.

Í svörum Landsnets kemur fram að vinna við að skrásetja fornleifar á kaflanum standi yfir. Gripið verður til viðeigandi mótvægisáðgerða ef þörf er á í samræmi við tilmæli Minjastofnunar. Fyrsta mótvægisáðgerð felst í að standa þannig að endanlegri hönnun mastrastæða og slóða, að þær raski ekki fornminjum. Það hefur verið gert fyrir aðra hluta leiðarinnar, nú þegar hönnun er kominn lengra á veg en var í umhverfismatinu. Í öllum tilvikum hefur tekist að sneiða hjá skráðum fornminjum, en eftir stendur að nokkrar þeirra munu verða merktar í samræmi við þær tillögur að mótvægisáðgerðum sem sérfræðingar lögðu til í umhverfismatinu. Með sama hætti mun verða farið yfir þær fornminjar sem verða skráðar á þeirri hluta leiðarinnar sem hér er til umfjöllunar, að því gefnu að niðurstaðan verði að fara þá leið. Landsnet mun setja sig í samband við Minjastofnun og bera undir hana skráninguna og þá mögulegar mótvægisáðgerðir. Tilmæli um mótvægisáðgerðir munu fylgja framkvæmdaleyfisumsókn og útboðsgögnum.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að með breytttri legu muni ásjúnd breytast á þeim kafla sem kynntur sé í þessari matsskyldufyrirspurn frá því sem áætlað hafi verið í umhverfismati Blöndulínu 3. Færslan mun aðallega fela í sér breytingu á ásjúnd frá nærliggjandi bæjum í allt að 2 km fjarlægð þar sem línan færir fjær og færri möstur munu sjást, en á sama tíma verður hún meira áberandi þar sem hún liggur hærra í landi og þverar núverandi línur í landi. Ásjúnd er talin breytast lítið eða það dregur úr sýnileika þegar horft er að línunni úr yfir 2 km fjarlægð frá Mælifellsá í rúmlega 3ja km fjarlægð ef horft er í átt að Mælifellshnjúk og sést línan færast fjær og að hluta til í hvarf við hæð ofar í landinu. Ásjúnd er einnig talin breytast lítið frá gönguleiðinni á hnjúkinn og frá fjallstoppnum sjálfum. Línan færir allt að 2 km nær fjallstoppi Mælifellshnjúks, en verður þó næst í um 3ja km fjarlægð. Samkvæmt sýnileikakortum mun ekki verða breyting á fjölda mastra sem sjást frá fjallstoppnum, fyrir og eftir færslu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að miðað við fyrirbyggjandi gögn um víðerniskortlagningu og rannsóknir telji stofnunin að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á víðerni, einkum þar sem línan sé færð ofar í land og nær óröskuðum hlíðum í Kiðaskarði og Mælifellsdal.

Landsnet svarar því til að skv. kortlagningu Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Hornafirði frá 2021 og Wildland Research Institute frá 2024 komi í ljós að Blöndulína 3 í landi Starrastaða og Mælifells, bæði fyrir og eftir færslu, sé staðsett fyrir utan óbyggð víðerni skv. fyrri kortlagningunni og innan jaðarsvæðis víðerna skv. seinni kortlagningunni. Það þótti því ekki ástæða til að skoða þennan þátt frekar.



5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki samræmi við gildandi Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 en í tillögu að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2025-2040 eru sýndar tvær útfærslur á línuleið Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells, annars vegar í samræmi við aðalvalkost Landsnets skv. umhverfismati og hins vegar breytt lega línunnar sbr. umfjöllun í þessari greinargerð. Sveitarfélagið þarf síðan að lokinni aðalskipulagskynningu að velja aðra hvora línuleiðina áður en aðalskipulagið er staðfest.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skagafjarðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdarleyfi og ýmsum öðrum leyfum sem vikið er að í tilkynningu Landsnets.

6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á legu Blöndulínu 3 miðað við þá línuleið sem gert var ráð fyrir í umhverfismati Blöndulínu 3 frá árinu 2022. Breytingin tekur til rúmlega 5 km kafla og er gert ráð fyrir að línán verði færð mest um 2 km. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Í þessari ákvörðun er einungis tekin afstaða til þess hvort að færsla línuleiðar Blöndulínu 3, miðað við það sem gert var ráð fyrir í umhverfismati línunnar árið 2022, sé þess eðlis og að því umfangi að hún þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða tiltölulega umfangslitlar breytingar á línuleið Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar miðað við þá mjög umfangsmiklu framkvæmd sem var til umfjöllunar í ofangreindu mati. Í flestum tilfellum má gera ráð fyrir að færsla línuleiðarinnar hafi sambærileg áhrif á umhverfisþætti eins og gróður og vistgerðir, búsvæði fugla og áflugshættu eins og gert var ráð fyrir í því mati. Þó kunna uppgræðsluáðgerðir að verða vandasamari vegna þess að nýja línuleiðin stendur hærra í landi eins og Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun benda báðar á. Skipulagsstofnun undirstrikar mikilvægi þess, í samræmi við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar, að vinna þarf áhrifamat fyrir öll þau vatnshlot sem kunna að verða fyrir áhrifum við byggingu Blöndulínu 3, ekki bara þess hluta línunnar sem umrædd breyting nær til.

Áður en leyfi verða veitt þarf að ljúka fornleifaskráningu á þessari nýju línuleið, leggja mat á möguleg áhrif og bera undir Minjastofnun Íslands sem tekur ákvörðun um hvort að skráning er fullnægjandi og þá til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Fyrir liggur að ný línuleið í landi Starrastaða og Mælifells verður nær Mælifellshnjúk en gert var ráð fyrir í umhverfismatinu frá árinu 2022 en í áliti Skipulagsstofnunar kom fram að ásýnd



Mælifellshnjúks kæmi til með að breytast talsvert við tiltekin sjónarhorn með tilkomu loftlínu, m.a. á ofangreindu svæði. Í tilkynningu Landsnets eru birtar myndir frá nokkrum sjónarhornum sem sýna eiga breytingar á útsýni til Mælifellshnjúks við færsluna. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð færsla komi til með að breyta útsýni vegfarenda, ferðamanna og íbúa til fjallsins, sem er eitt helsta kennileiti Skagafjarðar og telur líkur á að fyrirhuguð færsla ofar og nær hnjúknum geri það að verkum að loftlínan verði meira áberandi sem kann að hafa neikvæðari áhrif á ásjón, frá tilteknum sjónarhornum, heldur en sú línuleið sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif breytingarinnar þó ekki líkleg til að teljast umtalsverð.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. desember 2025.

Reykjavík, 19. nóvember 2025

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

